

**Gjaldskrá**  
**fyrir móttökustöðvar Bláskógabyggðar**

1. gr.

Fyrir hvern rúmmetra af úrgangi sem skilað er á gámasvæði skal greiða 6.000 kr. Greiðendur sorpeyðingargjalds fá klippikort sem myndar inneign á gámasvæðum sveitarfélagsins skv. gjaldskrá sorphirðu í Bláskógabyggð fyrir árið 2022. Um flokka úrgangs og gjaldskyldu á móttökustöðvum fer samkvæmt eftirfarandi töflu:

<b>Flokkur</b>	<b>Gjaldskylt heimilum frístundahúsum</b>	<b>frá og</b>	<b>Gjaldskylt rekstraraðilum (fyrirtækjum og lögbýlum)</b>	<b>frá</b>
Almennur heimilisúrgangur	nei		já	
Almennur rekstrarúrgangur	á ekki við		já	
Blandaður úrgangur	já		já	
Grófur óflokkaður úrgangur sem þarfnast flokkunar	já		já	
Óflokkaður úrgangur	já		já	
Grófur úrgangur frá framkvæmdum	já		já	
Bólstruð húsgögn, dýnur o.þ.h. óendurnýtanleg	já		já	
Bílrúður	já		já	
Steinefni frá framkvæmdum	já		já	
Timbur, ómálað	já		já	
Timbur, málað	já		já	
Garðaúrgangur, greinar, gras	já		já	
Lífrænn heimilisúrgangur	nei		já	
Grjót, múrbrot og jarðvegur	já		já	
Pappi og pappír	nei		já	
Plastumbúðir og annað plast	nei		já	
Gifspötur, flísar og postulín	já		já	
Gler	nei		já	
Hjólbarðar	nei		nei	
Málmar	nei		nei	
Spilliefni sem bera úrvinnslugjald	nei		nei	
Raftæki	nei		nei	
Heyrúlluplast	nei		nei	
Rafhlöður, rafgeymar	nei		nei	
Fatnaður og klæði	nei		já	
Dýrahræ	já		já	
Skilagjaldsskyldar drykkjarumbúðir	nei		nei	

2. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá viðkomandi án undangengins dóms, sbr. 4. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 11. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð. Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 9. desember 2021 samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998.

Gjaldskráin tekur gildi við birtingu.

Bláskógabyggð, 21. desember 2021

Ásta Stefánsdóttir  
sveitarstjóri